

Breytingatillögur frá stjórn félagsins fyrir aðalfund 22. maí 2017.

Tillaga 1

Nafn félagsins verði breytt í: Samtök foreldra leikskólabarna í Reykjavík.

Tillaga 2 - Blár texti er nýr

4. gr.

Á aðalfundi skal skipa fimm manna aðalstjórn og tvo til vara, alls sjö. Aðalstjórn er samsett af formanni, féhirði, ritara og tveimur meðstjórnendum. Stjórn skiptir með sér verkum. [Eingöngu félagar sem eiga barn í leikskóla í Reykjavík eru gjaldgengir í stjórn félagsins.](#)

Hver stjórn er kosin í eitt ár í senn. Ef ekki eru næg framboð til að tryggja kosningu á sjö stjórnarmönnum skal mynda þriggja manna aðalstjórn og eins marga varamenn og mögulegt er. Einnig skal kjósa skoðunaraðila reikninga. Kosningin skal vera leynileg og skal aðalstjórn skipa tvo aðila til þess að sjá um talningu atkvæða.

Lagabreytingar má eingöngu gera á aðalfundi félagsins. Tillögur um þær skal kynna í fundarboði aðalfundar og þarf 2/3 fundarmanna að samþykkja þær til að þær öðlist gildi.

Til aðalfundar skal boðað með minnst viku fyrirvara með tilkynningu til leikskóla í Reykjavík, á heimasíðu og Facebook síðu félagsins og víðar eins og nauðsyn þykir.

Tillaga 3 - Blár texti er nýr og rauður texti félli út

5. gr.

Allir forráðamenn leikskólabarna í Reykjavík eru sjálfkrafa félagar í félaginu svo lengi sem ekki eru innheimt félagsgjöld. Engin takmörk eru fyrir því hverjir mega vera félagsmenn í félaginu. Aðrir félagsmenn [en forráðamenn leikskólabarna í Reykjavík þurfa að hafa verið félagsmenn í að minnsta kosti þrjár vikur til þess að vera eru þó ekki](#) atkvæðabærir á aðalfundi og mega sitja í stjórn félagsins.